

## Víðidalstunga II: Fréttir ágúst 2009

Margt skemmtilegt hefur verið gert í sumar annað en að heyja. Við höfum ferðast töluvert og fleiri ferðalög eru framundan. Við fórum m.a. á Fjórðungsmót á Vesturlandi.

Erna og fleiri á heiðinni



Daginn áður en haldið var á fjórðungsmótið voru trippin rekin á Víðidalstunguheiði. Þá eru snyrtir hófar og tagl + fax á þeim sem þurfa á því að halda. Að sjálfsgöðu fá svo allir sinn skammt af ormalyfi. Að þessu sinni fóru 13 trippi frá okkur. Það er lítill rekstur svo við fáum að fljóta með þegar stærri hrossabændur í nágrenninu fara með sitt stóð. Þau sem fóru núna eru Pia (fædd 2005), Jódís (fædd 2006), Rós, Djásn, Fluga, Myrkvi og Spurning (fædd 2007), Birna, Erna, Hraundal, Þráður, Skíma og Dalvar (fædd 2008). Spannandi trippi sem gaman verður að sjá hvernig þroskast.

Fluga, Rós, Þráður



í Kýrskarði og í Hafnarskarði



Árborg fór í nokkurra daga gönguferð um Hornstrandir. Það var frábær ferð í stórkostlegu landslagi með góðum ferðafélögum. Einfaldlega ógleymanlegt.

Caroline og Myrkvi á heiðinni



Síðan kom Caroline í heimsókn og fórum við í skoðunarferð um Víðidalstunguheiði. Það fannst Caroline skemmtilegt ekki síst vegna þess að við vorum svo heppin að sjá flest trippin okkar. Ótrúleg heppni í þessari víðáttu sem heiðin er.

Árborg og Salvör eru stoltar af folaldinu



Stóðhestar sem notaðir voru sumarið 2009 voru m.a. Tenór frá Túnsbergi og Arður frá Brautarholti. Meira um þá geturðu lesið t. d. hérna:  
Tenór: <http://www.vb.is/frett/37/55224/>  
Arður: [http://ragnheidarstadir.1984.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=10&Itemid=2](http://ragnheidarstadir.1984.is/index.php?option=com_content&task=view&id=10&Itemid=2)

Plata er fylfull við Arð og fékk Kóróna það hlutverk að hitta Tenór. Ingvar var á því að hann yrði að fá undan þessum hátt dæmda hesti svo hann ákvað að draga undan Kórónu og skutlaðist með hana suður.

Hrund fór undir Kaftein frá Kommu en hann er sam-mæðra Kappa og Kaspari frá Kommu. Meira um Kaftein: <http://www.hrima.is/stodhestar.htm> (skrolla niður)

Kardináli hlakkar til að fara í hryssur



Sök slepti því að skila folaldi í heiminn að þessu sinni þrátt fyrir að hafa sónast fylfull við Álfi frá Selfossi í fyrra. Hún fékk við Gretti frá Grafarkoti um daginn en undan honum eigum við 2 mjög spennandi unghryssur. Meira um Gretti: <http://www.grafarkot.is/?c=webpage&id=47&lid=88&option=links>

Náttdröfn kastaði 24. júlí og er ekki búið að mynda folaldið. Það er svartur hestur sem verður líklega grár eins og faðirinn. Náttdröfn er hjá Grásteinum frá Brekku. Meira um Grástein: [http://fm2009.lhhestar.is/news/grasteinn\\_fra\\_brekku\\_sigradi\\_i\\_flokki\\_stodhesta\\_7\\_vetra\\_og\\_eldri/](http://fm2009.lhhestar.is/news/grasteinn_fra_brekku_sigradi_i_flokki_stodhesta_7_vetra_og_eldri/)

Nokkrar af 13 hryssum sem eru hjá Kardinála



Salvör átti jarpskjótta hryssu undan Gammi frá Steinnesi. Glöð var lánuð af bæ en aðrar hryssur á bænum voru hjá Kardinála. Kardináli fékk líka til sín nokkrar hryssur af nágrannabæjum og voru því alls 13 hjá honum.

Meira um hryssurnar okkar (ættir og afkvæmi): [http://www.tunguhestar.de/test/download/Vididalstunga\\_II\\_Hryssur\\_i\\_raektun\\_2009.pdf](http://www.tunguhestar.de/test/download/Vididalstunga_II_Hryssur_i_raektun_2009.pdf)

Kveðjur í bili.